

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmur

Garðabær, 13. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0004
BK

Efni: Birkilundur – Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi sem bárust gegnum Skipulagsgátt þann 2. október 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingu að aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Birkilund í landi Saura.

Aðalskipulagsbreytingin tekur til 9,4 ha svæðis og verður landnotkun á hluta svæðisins breytt úr frístundabyggð og landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði fyrir útleiguhús, svæði fyrir íbúðarbyggð stækkað og landbúnaðarsvæði minnkað sem því nemur.

Samhliða fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er kynnt nýtt deiliskipulag fyrir Birkilund.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um [vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu](#) vegna sama máls þann 28. júní 2024. Þar kom fram að þrátt fyrir að ekki væri um umfangsmikila stækkun að ræða, mun hún fela í sér risk á birkikjarri í Sauraskógi sem er eini teljandi birkiskógurinn í Helgafellssveit.

Einnig skal bent á að hluti votlendis innan skipulagssvæðisins virðist vera ranglega flokkað sem lyngmóavist á láglandi og finnugsvist í [vistgerðakortasjá](#) Náttúrufræðistofnunar en af loftmyndum að dæma er stórt, samfellt votlendi frá norðausturenda Skjaldarvatns og suðvestur fyrir það. Votlendið fellur undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og forðast ber að raska að því.

Þá ber að nefna að í Vigraholti norðan skipulagssvæðisins er stefnt að mjög umfangsmikilli uppbyggingu og vill Náttúrufræðistofnun ítreka mikilvægi þess að skoðuð séu samlegðaráhrif þessara framkvæmda á verðmætar vistgerðir sem jafnframt eru mikilvæg búsvæði fugla.

Auk beins búsvæðataps undir ýmis mannvirki má reikna með að fyrirhugaðar framkvæmdir muni einnig hafa umtalsverð neikvæð áhrif á varpþéttleika vaðfugla á nærliggjandi svæðum.^{1,2}

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

¹ Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

² Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. Animal Conservation. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>